


# Bubbi Skyttan



Em D G D  
Eins og næfupunnt svart silki,  
G D G D  
skriður nóttin til mín inn,  
Em D G D  
að njóta hennar er ekki mögulegt  
G D G D  
allavega ekki fyrst um sinn.  
C D G D  
Föl sem genginn dagur,  
C D G D  
fellur hún á skuggann minn,  
C D Em D  
hvíslar: fegurstur allra er feigur maður  
C D D  
sem fela kann ótta sinn

G D G D  
Ég er ekki viss um hvað skal varast  
G D G D  
það vefst allt fyrir mér  
G D G D  
hvort nojan sé falið flassbakk  
G D G D  
sem fær að dafna hér  
C D G D  
hún læðist og læsir klónum  
C D G D  
leitar í húminu og sér  
C D Em D  
allt það ljóta sem löngum var hulið  
C D G D Em  
lengst inní huga mér.

Dagarnir fæðast andvana,

dauft er í Reykjavík.

Þú dansar einn í tóminu

og vaknar liðið lík.

Það syngur í höfði mér bergmál,

svo kemur þessi bið

að sefa hjartað á slíkri stund

er ekki mín sterka hlið

Þú veist það vel að dauðinn

er fyrir drottni bara heví rómantík

og draumarnir hans Gabriels

eru aðeins slímug frík

Þó ástandið sé vitað

þá vantar mig öruggann stað

Vertu mér góð og staldraðu við

Því það er eitthvað að

Ég er ekki viss um hvað skal varast

það vefst allt fyrir mér

hvort nojan sé falið flassbakk

sem fær að dafna hér

Hún kemur og klórar í mig

klók hún veit og sér

Lúmsk hún efanum læðir

lengst inní huga mér

Ég er ekki viss um,

ég er ekki viss um

ég er ekki viss um